

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ VÖLSUNGUR STOFNAÐ 1927



ÁRSSKÝRSLA 2017

Aðalstjórn Völsungs 2017

Formaður: Guðrún Kristinsdóttir
Gjaldkeri: Þóra Kristín Jónasdóttir
Ritari: Rannveig Þórðardóttir
Meðstjórnendur: Heiðar Hrafn Halldórsson
Daníel Borgþórsson
Varamenn: Áslaug Guðmundsdóttir
Víðir Svansson
Framkvæmdastjórar: Guðmundur Friðbjarnarson
Þorsteinn Marinósson (frá september 2017)


Virkar deildir innan raða Völsungs

1. Blak
2. Boccia
3. Fimleikar
4. Handbolti
5. Bardagaíþróttadeild
6. Knattspyrnudeild
 - a) Meistaraflokkar
 - b) Barna- og unglingaráð
7. Skíðagöngudeild
8. Sund
9. Almenningsíþróttadeild
 - a) Íþróttaskólinn
 - b) Sumarskólinn
 - c) Almenningshlaup
 - d) Bandý

Iðkenda fjöldi

Iðkendir í deildum Völsungs árið 2017 voru samtals 420 skv. Skráningum í Nóra kerfið

Iðkendir skráðir í Nóra árið 2017



Dagskrá aðalfundar fimmtudaginn 28. Júní 2018

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning nýrrar stjórnar
3. Lagabreytingar
4. Önnur mál

SKÝRSLA VÖLSUNGS FYRIR ÁRIÐ 2017

AÐALSTJÓRN VÖLSUNGS:

Aðalfundur Völsungs var haldinn 8. júní og urðu tvær breytingar á stjórninni, Már Höskuldsson og



Berglind Jóna Þorláksdóttir gáfu ekki lengur kost á sér og er þeim þökkuð vel unnin störf fyrir félagið. Áslaug Guðmundsdóttir og Daníel Borgþórsson komu ný inn í stjórn. Stjórnina skipa Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Rannveig Þórðardóttir ritari, Heiðar Hrafn Halldórsson og Daníel Borgþórsson meðstjórnendur, Víðir Svansson og Áslaug Guðmundsdóttir varamenn, Áslaugu var svo veitt lausn frá störfum aðalstjórnar í upphafi árs 2018 af persónulegum ástæðum.

Á starfsárinu 2017 voru verkefni aðalstjórnar með hefðbundnum hætti. Stór þáttur í starfinu var 90 ára afmæli félagsins sem haldið var upp á með veglegum hætti, veislu á Fosshótelu 12. apríl auk þess sem opnuð var sýning í Safnahúsinu og afmælisrit var gefið út. Deildir félagsins héldu viðburði þar sem afmælisins var minnst.


Mikill tími fór í vinnu við nýjan samning fyrir árið 2018 við sveitarfélagið og var komið vel yfir á þetta ár þegar niðurstaða náðist og samningur undirritaður. Starfsemi félagsins hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin og hefur reksturinn farið úr 60 milljónum árið 2014 upp í 86 milljónir fyrir árið 2017. Við sem stjórnnum gerum kröfur um góðan rekstur deilda, menntaða og góða þjálfara og að aðstaða til æfinga sé sem best fyrir iðkendur.



Guðmundur Friðbjarnarson lét af störfum sem framkvæmdastjóri og Þorsteinn Marinósson tók við starfinu 1. október. Guðmundi eru þökkuð góð störf fyrir félagið og einnig vil ég þakka honum fyrir hjálpina á síðustu vikum og dögum. Því verður ekki neitað að tíð skipti framkvæmdastjóra hefur haft veruleg áhrif á starfið og vegna þessa ekki náðst sú festa og utanhald sem þarf að vera um starfið. Þetta hefur tekið mikinn toll af starfi aðalstjórnar og aðalstjórn ekki náð að sinna því hlutverki sem henni er ætlað. Aukin vinna hefur lagst á herðar stjórna deilda, þjálfara og foreldrafulltrúa sem er ekki gott því það getur skapað óánægju þeirra er sinna þessum störfum. Það þarf að verða eitt að fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar að endurskipuleggja hlutverk starfsmanna, stjórna félagsins og foreldraráð.

Aðalstjórn heldur utan um starfsemi sumarskólans þar sem börn á aldrinum 5 - 10 ára eru í leik og starfi þrjá tíma á dag í sex vikur umsjónarmaður skólans var Sladjana Slimjan. Einnig hefur aðalstjórn umsjón með hátíðarhöldum 17. júní, að kveikja á jólatrénu, áramóta- og þrettándabrennum.

Aðalstjórn verðlaunaði íþróttafólk sitt við hátíðlega athöfn 27. desember, veitt voru hvatningarverðlaun, Íslandsmeistarar voru heiðraðir, Guðmundur Óli Steingrímsson fékk viðurkenningu fyrir að hafa náð að spila 100 leiki fyrir meistarflokk félagsins. Sigmar Stefánsson frá Rein fékk viðurkenningu fyrir að vera öflugur og góður stuðningsmaður. Íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2017 eru Guðmundur Óli Steingrímsson knattspyrnumaður og Anna Halldóra Ágústsdóttir hlaupakona. Við þetta tilefni heiðruðum við þrjá einstaklinga með silfurmerki Völsungs, þau Friðriku Guðjónsdóttur, Unni Guðjónsdóttur og Þorgrím Aðalgeirsson. Einnig heiðruðum við fjóra einstaklinga með gullmerki Völsungs Lindu Margréti Baldursdóttur, Má Höskuldsson, Gísla Vigfússon og Jóhönnu Guðjónsdóttur.



Starf Völsungs vex og dafnar með ári hverju og af því erum við afar stolt en því fylgir aukin vinna við ýmis verkefni og að því kemur fjöldi fólks sem hefur það eitt að markmiði að vinna fyrir félagið sit. Ég neita því ekki að það mættu fleiri koma að því verki svo við sem erum að sinna því gefumst ekki allt of fljótt upp vegna mikils vinnuálags. Góður árangur félagsins næst með samstilltu átaki iðkenda, styrktaraðila, sjálfboðaliða, foreldra, starfsmanna og sveitarfélagsins. Fyrir hönd aðalstjórnar félagsins vil ég þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra vinnu og framlag til Völsungs.

Guðrún Kristinsdóttir, formaður Völsungs



ÍPRÓTTASKÓLI VÖLSUNGS:

Íþróttaskólinn er starfræktur innan félagsins með tvo hópa yngri og eldri barna. Um 40 krakkar á aldrinum 3-5 ára mæta á laugardögum í skemmtilega hreyfingu. Nýir stjórnendur tók við skólanum í haust Ísak Már Aðalsteinsson og Guðrún Einarsdóttir en Áslaug Guðmundsdóttir og Unnar Þór Garðarsson hættu með íþróttaskólann vorið 2017. Reynt hefur verið að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra.

FIMLEIKAR:

Krakkar á aldrinum 5-16 ára æfa fimleika tvisvar til þrisvar í viku í fjórum hópum. Fjöldi iðkenda hefur verið svipaður og undanfarin ár, milli 50-60 krakkar. Haustið 2017 voru 30 ár frá því að Guðrún Kristinsdóttir stofnaði Fimleikadeild Völsungs.

HANDKNATTLEIKUR:

Síðastliðið ár hafa verið þrjú flokkar starfandi, 4, 7 og 8 flokkur en iðkendum fer fækkandi og á handboltinn undir högg að sækja. Keppt var í Íslandsmótinu í 4. flokki og stóðu drengirnir sig vel. Í apríl var haldið mót fyrir 7. og 8. flokk í tilefni 90 ára afmælis Völsungs skemmtilegt og gott mót sem allir höfðu gaman af.



BLAK:



Árið 2017 hefur verið viðburðarríkt og skemmtilegt í starfi blakdeildar. Öldungablakið þar sem blakarar 30 ára og eldri æfa að kappi, barna- og unglíngastarfið sem hefur vaxið mikið á árinu og annað árið í röð tók meistaraflokkur kvenna þátt í efstu deild.

Árið byrjaði með Nýársmóti Völsungs sem er árviss viðburður með þátttöku liða af Norður- og Austurlandi. Tekið var þátt í mörgum hraðmótum og endað á Öldungamóti BLÍ í Mosfellsbæ þar sem Völsungur mætti með fimm kvennalið og tvö karlalið sem stóðu sig vel að vanda. Yngri flokkarnir tóku þátt í Íslandsmóti og bikarmóti og stóðu sig mjög vel og náðu verðlaunasætum í öllum flokkum. Kvennaliðið tekur þátt í Mizunodeildinni en liðið er byggt upp á mjög blönduðum hópi, gömlum reynsluboltum og ungum og efnilegum stelpum.

BOCCIA:

Starfsemi bocciadeildar hefur verið með hefðbundnu sniði eins og undanfarin ár. Fyrsta mót ársins er að venju Opna Húsavíkurmótið, það 28. frá upphafi og er orðinn fastur liður í starfseminni með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda. Þá mætir bocciadeild Völsungs

með öflug lið á Íslandsmót og Hængsmót. Völsungur sá svo um Íslandsmóti í einstaklingskeppni í samvinnu við ÍF þetta var stórt og mikið mót sem tókst í alla staði mjög vel.

BANDÝ:

Ný deild sem var stofnuð á árinu og eru iðkendur um 25. Bandýdeildin hefur fengið kylfur og annan búnað frá Íþróttasjóði ríkisins. Öflug deild sem hefur stóra drauma.

SUND:

Sundæfingar eru stundaðar bæði á Laugum og á Húsavík. Mótin sem farið var á eru KR í Reykjavík, páskamót á Húsavík, Akranesleikana og A.M.Í. sunddeildin býður upp á leikskólasund og tóku um 50 krakkar þátt að þessu sinni.



SKÍÐAGANGA:

Skíðagönguvertíðin hófst um miðjan janúar, þrátt fyrir snjóléttan vetur tókst að halda góðri göngubraut á heiðinni alveg fram í maí. Ekki tókst að halda Íslandsgönguna vegna veðurs. Húsvíkingar áttu svo nokkra krakka sem tóku þátt í Andrésar Andar leikunum á Akureyri með góðum árangri.

BAR DAGAÍPRÓTTIR

Árið byrjaði vel, um 20 iðkendur æfa í tveimur flokkur eldri og yngri. Árið gekk vel hjá deildinni og eru beltaprófin haldin tvisvar á ári og erum deildin komin með nokkra einstaklinga sem eru farnir að kenna.

KNATTSPYRNA:

MEISTARAFLOKKAR:

Völsungur heldur úti meistaraflokkum í bæði karla- og kvennaflokki, það skiptir miklu máli fyrir allt yngri flokka starf að það séu starfræktir meistaraflokkar. Meistaraflokkur karla byrjaði árið á að spila í Kjarnafæðismótinu og endaði í þriðja sæti. Liðið tapaði ekki leik í lengjubikarnum fyrr en í undanúrslitunum. Íslandsmótið byrjaði með góðum sigri á Aftureldingu. Liðið náði ekki almennilegu rönni í leikjunum í sumar og datt liðið út í 32 liða úrslitum í bikarkeppninni. Spilamennskan var oft á tíðum góð og skoraði liðið flest mörk allra liða í efstu fjórum deildunum og áttum við markahæsta leikmanninn Sæþór Olgeirsson en hann skoraði 23 mörk. Sumarið hjá 2. flokk var gjöfult og gott og unnu þeir sig upp um deild.



Ákveðið var að fara í rötækar breytingar hjá meistaraflokki kvenna, ákveðið að blása til sóknar og ráð hina bandarísku Kaylu Grimsley sem spilandi þjálfara og með henni kom Kristina Corona sem mun var henni til aðstoðar. Jónas Halldór Friðriksson sá um þjálfunina liðsins þar til þær stöllur mættu á svæðið í apríl. Sumarið var gott og leikmannahópurinn stóð undir væntingum og liðið var í baráttu um að komast í 1. deild allt þar til tvær umferðir voru eftir. Kayla og Kristina urðu að hverfa frá af persónulegum ástæðum í byrjun ágúst og þá tók Jónas Halldór aftur til starfa. Á haustdögum var gerður tveggja ára samningur við John Andrews og mun hann sinna kvennaliðinu ásamt því að þjálfa yngri flokka og sjá um styrktarþjálfun.

YNGRI FLOKKAR KNATTSPYRNU:

Barna- og unglingaráð heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs. Félagið er vel mannað af reyndum og vel menntuðum þjálfurum. Félagið heldur úti flokkum frá 8. – 2. flokks og taka elstu flokkarnir þátt í Íslandsmóti auk þess sem allir flokkar tóku þátt í ýmsum mótum sem í boði voru. Fjórðu flokkarnir fóru og kepptu á Rey-cup alþjóðlegu knattspyrnumóti í Reykjavík og komust bæði liðin í úrslitakeppnina og stóðu sig mjög vel þar sem stelpurnar urðu í sjötta sæti en strákararnir í 5. – 6. sæti. 5.flokkur kvenna fór og tók þátt í Síamótinu í Kópavogi og komu með bikar heim. Strákarnir tóku þátt í N1 mótinu og stóðu sig vel.



Íþróttafélagið Völsungur

Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Rekstrarreikningur samstæðu	4
Efnahagsreikningur samstæðu	5
Rekstrarreikningur - yfirlit deilda	6
Efnahagsreikningur - yfirlit deilda	7

Íþróttafélagið Völsungur
Kennitala 710269-6379
Stóragarði 8, 640 Húsavík

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Íþróttafélagsins Völsungs fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Tilgangur Íþróttafélagsins Völsungs er að gefa ungum sem öldnum tækifæri til íþróttaiðkana og félagsstarfa og veita þeim fræðslu um gildi íþróttar og heilbrigðra lífshátta.

Hagnaður Íþróttafélagsins Völsungs á árinu 2017 nam kr. 522.447. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 38.972.871, bókfært eigið fé í árslok er kr. 35.503.680 og er eiginfjárlutfall félagsins 91%.

Stjórn Íþróttafélagsins Völsungs vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Íþróttafélagsins Völsungs að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Íþróttafélagsins Völsungs staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Húsavík, 28. júní 2018

Stjórn:

Guðrún Kristinsdóttir

W. J. Halldórsson

ÞÓRAK JONASD

Rannveig Þorðardóttir

Daniel Þorðarson

VIÐUR SMANSSON

Framkvæmdastjóri:

Þórunn Marinóss.

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og félagsmanna Íþróttfélagsins Völsungs

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Íþróttfélagsins Völsungs fyrir árið 2017 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.


Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Húsavík, 2018

PricewaterhouseCoopers ehf.



Rúnar Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	2016
Rekstrartekjur		
Framlög og styrkir.....	35.109.272	36.324.922
Tekjur af mótum	9.180.448	8.167.340
Auglýsingatekjur.....	19.880.300	15.265.201
Vörusala.....	2.217.253	502.575
Félags- og æfingagjöld.....	19.390.780	17.608.425
Aðrar tekjur.....	0	656.169
	<u>85.778.053</u>	<u>78.524.632</u>
Rekstrargjöld		
Laun, þjálfun og kennsla.....	43.718.889	37.042.795
Íþróttaleg viðskipti.....	28.984.698	20.160.157
Rekstur mannvirkja, vörunotkun	7.351.406	4.510.394
Annar rekstrarkostnaður.....	5.720.910	6.504.339
	<u>85.775.903</u>	<u>68.217.685</u>
Rekstrarhagnaður	2.150	10.306.947
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur.....	648.827	712.908
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(128.530)	(153.834)
	<u>520.297</u>	<u>559.074</u>
Hagnaður ársins	<u>522.447</u>	<u>10.866.021</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	2017	2016
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign.....	259.127	259.127
Bifreiðar og tæki	11.258.536	5.758.391
Leikmenn.....	1.900.000	1.900.000
	<u>13.417.663</u>	<u>7.917.518</u>
Fastafjármunir samtals	13.417.663	7.917.518
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur.....	5.346.702	3.179.662
Skammtímaskröfur.....	2.121.188	1.024.047
Handbært fé.....	18.087.318	25.147.905
	<u>25.555.208</u>	<u>29.351.614</u>
Eignir samtals	<u>38.972.871</u>	<u>37.269.132</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Endurmatsreikningur.....	1.900.000	1.900.000
Eiginfjárreikningur.....	33.603.680	31.803.721
	<u>35.503.680</u>	<u>33.703.721</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir.....	1.213.229	2.417.673
Aðrar skammtímaskuldir.....	2.255.962	1.147.738
	<u>3.469.191</u>	<u>3.565.411</u>
Skuldir samtals	3.469.191	3.565.411
Eigið fé og skuldir samtals	<u>38.972.871</u>	<u>37.269.132</u>

Rekstrarreikningur ársins 2017 - yfirlit deilda

	Abalsjóður	Húsavíkur- völlur	Meistarar- flokkur	Yngri flokkar	Sund- deild	Handkn. deild	Fimleika deild	Gönguskiða- deild	Blaik- deild	Krakka- blaik	Boccia- deild	Bardagaþri- deild	Almenn íþr.deild	Milli- færslur	Samtæða 2017	Samtæða 2016
Rekstrartekjur																
Framíð og styrkir	15.258.707	9.175.485	8.568.392	1.805.613	1.875.720	346.980	225.323	7.297	3.858.625	805.000	848.504	162.024	5.000	(7.028.398)	35.109.272	36.524.922
Tekjur af mölum			1.195.976	1.896.313					1.976.675		3.305.484				9.180.448	8.167.340
Auglýsingatekjur	5.231.074		14.399.226	250.000											19.880.300	15.265.201
Vgrusala	83.396		1.763.027	143.500			8.000		168.900		50.230				2.217.253	502.575
Félags- og aðfangagjöld	2.376.500		697.500	8.716.131	1.114.372	403.272	2.356.805	18.000	2.083.700	1.031.500		463.000	130.000		19.390.760	17.608.425
	22.948.877	9.175.485	26.624.121	12.811.657	2.980.092	750.252	2.590.128	25.297	8.087.900	1.837.500	4.204.218	625.024	135.000	(7.028.398)	85.778.053	78.524.632
Rekstrargjöld																
Laun, þjálfun og kennsla	7.943.294	5.885.980	11.246.166	11.820.839		1.117.217	1.867.643		3.317.662			510.078			43.718.689	37.042.795
Þróðalegs vðsköpi	6.210.712	1.401.398	8.754.950	3.490.451	2.276.557	96.491	396.665	66.709	2.639.847	541.000	2.956.418	163.500			28.984.698	20.160.157
Rekstur mannvéiga, vgrumokum o.þl.	510.281	2.115.754	2.968.999	99.747	974.596			202.796	434.122		45.111				7.351.406	4.510.394
Aðrar rekstrarkostnaðir	2.420.363	189.883	1.116.147	111.318		4.818		39.212	1.837.272		2.097				5.720.910	6.504.339
Styrkir til deilda	7.028.398													(7.028.398)		
	24.118.048	9.603.025	24.086.262	15.522.355	3.251.153	1.218.526	2.254.308	306.717	6.228.903	541.000	3.003.626	673.578	135.000	(7.028.398)	85.775.903	68.217.685
Rekstrarhagnaður/(-tapp)	(1.163.171)	(427.540)	2.537.859	(2.710.798)	(261.061)	(468.074)	335.820	(283.420)	(141.003)	1.296.500	1.200.592	(48.554)	135.000		2.150	10.506.947
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)																
Vaxatekjur	106.808	38.581	182.718	158.603	32.585	15.753	9.354	46.966	10.678		34.965	5.504	6.322		648.827	712.908
Vaxtgjöld og verðbætur	(23.546)	(9.929)	(19.435)	(32.437)	(6.486)	(3.179)	(1.832)	(9.390)	(12.475)		(7.455)	(1.095)	(1.261)		(128.530)	(153.834)
	83.262	28.652	163.283	126.166	26.099	12.574	7.522	37.576	(1.797)		27.510	4.409	5.061		520.297	559.074
Hagnaður (tapp) ársins	(1.079.909)	(398.888)	2.701.142	(2.584.632)	(234.972)	(455.500)	343.342	(245.854)	(142.800)	1.296.500	1.228.102	(44.145)	140.061		522.447	10.866.021

Efnahagsreikningur 31. desember 2017 - yfirlit deilda

Eignir	Aðalsjóður	Húsvákur- völlur	Meistarar- flokkur	Yngri flokkur	Sund- deild	Handkn. deild	Fimleika deild	Gönguskóla- deild	Blak- deild	Krakk- blak	Boccaa- deild	Bardagaþr- deild	Almenn þr.deild	Miljónastur	Samtæða 2017	Samtæða 2016
Fastafrármunir																
Varanlegir reistarfrármunir:																
Fasteign	58.127												200.000		259.127	259.127
Afbild, innhellingar og leik	469.745	994.045	3.215.011	1.291.089			4.183.706						1.104.940		11.258.536	5.758.391
Leikmenn	528.872	994.045	5.115.011	1.291.089			4.183.706						1.304.940		13.417.663	7.917.518
Fastafrármunir samtals	528.872	994.045	5.115.011	1.291.089			4.183.706						1.304.940		13.417.663	7.917.518
Veltufrármunir																
Væðipáskuldir	710.909	2.758.941	265.037	2.308.499	100.000	489.181	144.134	30.000	598.367	1.296.500	236.435	36.667	296.000	(3.933.968)	5.346.702	3.179.662
Skammtímakuldir		1.289.366	393.986	143.570			201.762	62.434			28.070	60.000			2.121.188	1.024.047
Handbært fé	2.094.304	650.953	892.620	5.305.212	1.239.641	819.923	547.044	1.708.665	1.930.975	1.296.500	2.500.275	31.644	376.062		18.087.318	25.147.905
	2.805.213	4.699.260	1.483.643	7.757.281	1.339.641	1.319.104	892.940	1.801.089	2.520.342	1.296.500	2.764.780	128.311	672.062		25.555.208	29.351.614
Eignir samtals	3.334.085	5.693.305	6.598.654	9.048.370	1.339.641	1.319.104	5.076.646	1.801.089	2.520.342	1.296.500	2.764.780	128.311	1.977.002	(3.933.968)	38.972.871	37.269.132

Efnahagsreikningur 31. desember 2017 - yfirlit deilda

Eignir fé og skuldir	Aðalsjóður	Húsvákur- völlur	Meistarar- flokkur	Yngri flokkur	Sund- deild	Handkn. deild	Fimleika deild	Gönguskóla- deild	Blak- deild	Krakk- blak	Boccaa- deild	Bardagaþr- deild	Almenn þr.deild	Miljónastur	Samtæða 2017	Samtæða 2016
Eiginfrármunir																
Séðastur endurnæðingur																
Eiginfrármunir	2.194.015	5.693.305	705.030	8.187.860	1.124.083	1.245.029	4.984.135	1.264.235	2.341.621	1.296.500	2.764.780	79.552	1.743.535		33.603.680	31.803.721
Skuldir																
Skammtímaskuldir	38.287		3.587.795	495.476	215.558	74.075	112.511	503.264	53.775				180.967	(3.933.968)	1.213.229	2.417.673
Væðipáskuldir	1.103.783		405.829	365.034			112.511	33.600	133.946			48.759	52.500		2.255.962	1.147.738
Aðrar skammtímaskuldir	1.140.070		3.993.624	860.510	215.558	74.075	112.511	536.864	187.721			48.759	233.467	(3.933.968)	3.468.191	3.565.411
Skuldir samtals	1.140.070		3.993.624	860.510	215.558	74.075	112.511	536.864	187.721			48.759	233.467	(3.933.968)	3.468.191	3.565.411
Eignir fé og skuldir samtals	3.334.085	5.693.305	6.598.654	9.048.370	1.339.641	1.319.104	5.076.646	1.801.089	2.520.342	1.296.500	2.764.780	128.311	1.977.002	(3.933.968)	38.972.871	37.269.132